

FUNDARGERÐ

15. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar á Selfossi

Fundartími: Þriðjudagur 15. september 2015 kl. 15.00

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon, en auk þeirra situr María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri fundinn og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar hluta fundarins.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Dagskrá fundarins.

1. Fundargerð 94. fundar þjónusturáðs.

5. Erindi vegna aukningar í skammtímavistun – fært í trúnaðarbók

Í þessu erindi er farið fram á 30 % aukningu starfs þroskaþjálfara í Álftarrima vegna skammtímavistunar. Samþykkt.

Stjórnin staðfestir fundargerð þjónusturáðs.

2. Staða fjármála og endurmats.

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar sat fundinn undir þessum lið. Lagði hún fram yfirlit yfir kostnað við rekstur einstakra rekstrareininga og tekjuaukningu verkefnisins á árunum frá 2011 – 2014. Ljóst er að aukning kostnaðar við reksturinn er mun hærri en tekjuaukningin á þessu tímabili. Aðeins lítill hluti kostnaðaraukningarinnar verður skýrður með aukinni þjónustu. Nokkuð stór hluti kostnaðaraukningar er vegna langtímaveikinda á fleiri en einni rekstrareiningu, en einnig hafa í nokkrum tilfellum verið ráðið fagmenntað starfsfólk í stað ófaglærðra. Ákveðið var að óska eftir frekari sundurliðun á þessum frávikum.

Ingibjörg upplýsti á fundinum að hún hefði beðið eftir því að gengið yrði formlega frá stofnun byggðarsamlagsins Bergrisans bs. áður en sendir yrðu út reikningar til sveitarfélaganna vegna málefna fatlaðra, en það verður gert á næstu dögum.

Stjórnin undirritaði beiðni um skráningu Bergrisans.

3. Haustfundur Bergrisans bs. 2015

Ákveðið að halda haustfundinn e.h. föstudaginn 30. október í tengslum við ársfund SASS sem haldinn verður í Vík 29. og 30. október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.45

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon